

# Aðalfundur Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga árið 2014

Haldinn 8. október kl.13:00 í Reykjavík, Nordica hótél

Í upphafi fundar var Guðný Sverrisdóttir kosin fundarstjóri og Bryndís Gunnlaugsdóttir fundarritari. Kjörnefnd var skipuð en hana skipa Kristinn Jónasson og Fjóla Valborg Stefánsdóttir.

## 1. Skýrsla stjórnar og starfsáætlun.

Formaður samtakanna fór stuttlega yfir tilgang þeirra en samtökin voru formlega stofnuð 26. september 2012 og eru samtök sveitarfélaga sem hafa beinna hagsmuna að gæta varðandi nýtingu sjávarauðlindarinnar. Stofnun samtakanna á rætur að rekja til tveggja ástæðna, annars vegar til að sjávarútvegssveitarfélög og íbúar þeirra hefðu rödd í umræðunni um sjávarútveg og hins vegar að fyrirmynd Samtaka orkusveitarfélaga sem stofnuð voru skömmu áður. Aðildarsveitarfélög verða að hafa beinna hagsmuna að gæta varðandi nýtingu sjávarauðlindarinnar, og er þá helst horft til veiða og vinnslu. Horft var til aflamarks í sveitarfélaginu og hversu hlutfallslega mikið vægi störf í veiðum og vinnslu voru í sveitarfélaginu. Í dag eru 26 sveitarfélög í samtökunum. Framlag veiða og vinnslu til landsframleiðslunnar er 10-11% og að viðbættum óbeinum áhrifum er það 23-25%. Veiðar og vinnsla hafa verið tæknivædd mikið á undanförunum áratugum og tækniþróunin heldur áfram. Afleiðingin er fækkun starfa á sjó og við fiskvinnslu sem leiðir af sér fækkun starfa í sjávarútvegssamfélögunum og þar með fækkun íbúa. Aðgerðir stjórnvalda sem hvetja til frekari hagræðingar, s.s. kvótakerfi og veiðigjöld, auka enn á hraða þessarar þróunar.

Tilgangur samtakanna er

- að standa vörð um sameiginlega hagsmuni aðildarsveitarfélaga og íbúa þeirra í öllum málum sem tengjast nýtingu sjávarauðlindarinnar í veiðum og vinnslu,
- að vinna að hvers konar sameiginlegum hagsmunamálum, s.s. við gerð laga og reglugerða sem varða sjávarútveg og stuðla að fræðslu og kynningu á málum sem því tengjast,
- að taka þátt í mótun reglna um gjaldtöku vegna nýtingar sjávarauðlindarinnar og skiptingu á því gjaldi milli ríkis og sveitarfélaganna, ásamt öðrum fjárhagslegum og umhverfislegum atriðum sem tengjast nýtingu sjávarauðlindarinnar,
- að miðla upplýsingum um málaflokkinn meðal aðildarsveitarfélaga og stuðla að því að fram fari upplýst umræða um sjávarútveg á Íslandi og
- að hvetja til atvinnuþróunar og nýsköpunar í greininni.

Samtökin hafa nú þegar haft áhrif á frumvarpsgerð, t.d. varðandi forkaupsrétt sveitarfélaga og í umræðu um byggðakvóta og byggðatengingar með þann útgangspunkt að styrkja byggðirnar.

Ljóst er að breytingar verða á stjórninni þar sem aðeins kjörnir sveitarstjórnarmenn eða starfsmenn sveitarfélaga geta verið í stjórn. Samtökin eru vistuð hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og er Valur Rafn Halldórsson starfsmaður samtakanna og hafa verið haldnir 15

stjórnarfundir ásamt því sem stjórnarmenn hafa undirbúið og tekið þátt í heimsóknnum og viðburðum sem efnt hefur verið til á vegum samtakanna.

Haldnir voru kynningafundir með Katrínu Júlíusdóttur, þáv. fjármálaráðherra og Steingrími J. Sigfússyni, þáv. atvinnuvegaráðherra. Kynningarfundur var einnig með nýjum sjávarútvegsráðherra, Sigurði Inga Jóhannssyni og nýjum fjármálaráðherra Bjarna Benediktssyni.

Veittar hafa verið umsagnir og ályktanir um þingmál sem hafa varðað sjávarútveginn og ályktanir einnig samdar og birtar og hefur stjórnin leitast við að koma þeim á framfæri við stjórnvöld. Þær eru jafnframt birtar á vef samtakanna. Byggðafesta er útgangspunktur; að skapa sjávarbyggðum möguleika á meiri stöðugleika. Haldið var málþing í samstarfi við orkusveitarfélögin undir yfirskriftinni *Fiskur, orka, olía. Hvert á arðurinn að renna?* Var þetta í fyrsta sinn sem sjávarútvegsmál voru rædd á vettvangi sveitarstjórna. Það gekk vel enda hefur áhersla samtakanna verið á sameiginlega hagsmuni sveitarfélaganna. Í október 2012 var haldinn sjávarútvegsfundur, *Sjávarútvegur og byggðaaðgerðir*. Var þar meðal annars rætt um hvort það myndi auka byggðafestu ef fiskvinnsla gæti „átt“ kvóta, ásamt því að fjallað var um úthlutunarreglur og forsendur byggðakvóta. Umfjöllun og efni frá þessum fundum má finna á heimasíðu samtakanna.

Stjórnin taldi það vera mikilvægt að auka kynningarstarf og sérstaklega að auka fræðslu í skólum. Mikið var spáð í að gera fræðsluefni fyrir skóla, kynning var á sjávarútvegskennslu Codland ehf. í Grindavík ásamt því sem Fjarðabyggð hefur verið að vinna með svipuðum hætti en þetta getur verið mjög mikilvægt í tengslum við vinnuskóla ungmenna. Þekking meðal ungs fólks á sjávarútvegi er almennt mjög lítil, enda hefur samtalið almennt verið einskorðað við átakasamtal milli stjórnmalamanna og LÍÚ. Það eru mun fleiri hliðar á sjávarútvegi sem þarf að ræða og koma á framfæri. Kynningarbréf voru send til frambjóðenda til alþingskosninga sem og til sveitarstjórnarmanna sem voru kjörnir vorið 2014.

Ýmsir möguleikar voru skoðaðir varðandi frekari upplýsingaöflun um stöðu sveitarfélaganna í tengslum við sjávarútveginn og mögulegar breytingar þar á, m.a. með fundi með formanni stjórnar Byggðastofnunar og forstjóra um áframhaldandi upplýsingaöflun stofnunarinnar um hlutdeild sveitarfélaganna í veiðum og vinnslu. Mikilvægt er að halda tölum uppfærðum svo þær nýtist í umræðunni. Ljóst er að ný stjórn þarf að fylgja þessu verkefni eftir svo það verði að veruleika.

Samkvæmt samþykktum samtakanna skal leggja fram starfsáætlun fyrir nýja stjórn en það sem liggur fyrir er að fylgjast með nýju frumvarpi til laga um stjórn fiskveiða, knýja á um og taka þátt í söfnun upplýsinga um sveitarfélögin og mikilvægi sjávarútvegs fyrir þau, vinna að betri skilningi á mikilvægi þess að sveitarstjórnir hafi tæki til að takast á við látlausar byggðaröskun og breytingar vegna þróunar í veiðum og vinnslu. Þar hefur áherslan verið á hlutdeild í veiðileyfagjaldi þannig að hagræðing í greininni sem getur verið góð bitni ekki á sveitarfélögum. Auk þess þarf að fylgja eftir kynningarmálum gagnvart stjórnvöldum, m.a. sveitarstjórnnum og skólum.

## 2. Ársreikningar samtakanna.

Páll Björgvin Guðmundsson gjaldkeri samtakanna fór yfir ársreikning samtakanna fyrir árin 2012 og 2013. Páll þakkaði sérstaklega Vali, starfsmanni samtakanna, fyrir hans störf fyrir samtökin. Þátttökugjöld eru frá 50.000 – 400.000 kr. á aðildarsveitarfélag allt eftir stærð sveitarfélaga. Farið var yfir að ekki hafi verið mikill kostnaður á samtökin fyrstu tvö starfsárin meðal annars þar sem engin kostnaður féll á samtökin vegna þeirra funda sem haldnir voru og ekki þurfti að vinna skýrslur vegna lagafrumvarpa þar sem nýja frumvarpið er ekki komið fram.

Gert er ráð fyrir því að kostnaður við samtökin verði meiri á næstu tveimur árum þar sem starfsemin og kostnaður muni aukast þar sem t.d. má búast við því að töluverð vinna fari í frumvarp til laga um fiskveiðistjórnun sem kemur fram fljótlega.

Ársreikningar árána 2013-2014 eru samþykktir samhljóða.

## 3. Fjárhagsáætlun samtakanna ásamt ákvörðun um árgjöld og þóknun stjórnar.

Lagt er til að árgjöld verði óbreytt næstu 2 árin.

|                   |             |
|-------------------|-------------|
| 0-200 íbúar       | 50.000 kr.  |
| 200-499 íbúar     | 100.000 kr. |
| 500-999 íbúar     | 150.000 kr. |
| 1.000-1.999 íbúar | 200.000 kr. |
| 2.000-3.999 íbúar | 300.000 kr. |
| 4.000+ íbúar      | 400.000 kr. |

Er það samþykkt samhljóða.

Lagt er til að stjórnarlaun verði óbreytt, þ.e. 20.000 kr. á fund fyrir meðstjórnendur og 40.000 kr. fyrir formann.

Er það samþykkt samhljóða.

Farið var yfir fjárhagsáætlun samtakanna fyrir næstu 2 ár.

Fjárhagsáætlun samtakanna er samþykkt samhljóða.

## 4. Lagabreytingar.

Engar tillögur að lagabreytingum hafa borist og fellur því þessi liður niður.

## 5. Kosning formanns stjórnar, annarra stjórnarmanna og varastjórnar til tveggja ára.

Kjörnefnd leggur til að stjórnin verði skipuð á eftirfarandi hátt:

Róbert Ragnarsson bæjarstjóri Grindavíkurbæ, formaður  
Páll Björgvin Guðmundsson, bæjarstjóri í Fjarðabyggð  
Steinunn María Sveinsdóttir, formaður bæjarráðs, Fjallabyggð  
Anna Lind Ragnarsdóttir, oddviti Súðavíkurhrepps  
Gauti Jóhannesson, sveitarstjóri Djúpavogshrepps

Í varastjórn:

Bjarni Th. Bjarnason, sveitarstjóri í Dalvíkurbyggð

Friðbjörg Matthíasdóttir, forseti bæjarstjórnar Vesturbyggð

Sigrún Árnadóttir, bæjarstjóri í Sandgerðisbæ

Tilnefning kjörnefndar var samþykkt samhljóða.

**6. Kosning tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara til tveggja ára.**

Kjörnefnd leggur til að Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri Akraneskaupstaðar og Gunnlaugur Júlíusson sviðsstjóri hag- og upplýsingasvið Sambands íslenskra sveitarfélaga verði skoðunarmenn og að varaskoðunarmenn verði Kristinn Jónasson bæjarstjóri í Snæfellsbæ og Jóhannes Jóhannesson sérfræðingur á hag- og upplýsingasviði Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

**7. Mál sem stjórn samtakanna, einstakir fulltrúar eða sveitarstjórnir óska að tekin verði fyrir.**

Engin mál liggja fyrir og því fellur þessi liður niður.

**8. Erindi: Nýjungar í úrvinnslu sjávarafla.**

Erla Ósk Pétursdóttir, framkvæmdastjóri Codlands ehf. kynnti starfsemi Codlands. Í upphafi var farið yfir að starfsfólki í sjávarútvegi og fiskvinnslu er að fækka og samkvæmt sjávarklasnum mun þeim fækka frá 9.000 í 8.100 frá 2012 til 2023. En þegar tekið er með tæknigeirann og ýmsa þjónustu tengt sjávarútvegi þá er störfum að fjölga. Þannig gæti störfum fjölgað úr 25.000+ í 30.000+. Codland er að vinna hliðarafurðir við hina almennu fiskvinnslu. Fyrsta skrefið var að vinna fiskimjöl og lýsi úr slógi. Næsta skref var að þróa kollagen úr íslensku roði en kollagen er byggingarprótein líkamans. Um 75% af húðinni og 30% af beinum er kollagen og næsta skref er að búa til beinakalk úr fiskibeinum. Stefna Codland er fullvinnsla, rannsóknir og samstarf og er verið að byggja upp þekkingu og auka verðmæti. Verið að hvetja til samstarfs sjávarútvegsfyrirtækja í aukaafurðum til þess að hægt sé að vinna allar þessar hliðarafurðir. Markmiðið er að nýta þorskin 100%. Að auka verðmæti hvers þorsks, það þarf ekki endilega að veiða meira heldur nýta betur.

Almennar umræður voru milli fundarmanna um mikilvægi virðisaukningar, menntunar og fræðslu um sjávarútvegsmál í sinni víðustu mynd.

Svanfríður þakkar fyrir það tækifæri að fá að leiða þessi samtök fyrstu skrefin, þetta sé ögrandi og flókið verkefni og voru bæði alþingis- og sveitarstjórnarkosningar á þessum tíma. Þó hefur tekist að koma málstað samtakanna á framfæri sem vonandi skilar sér í nýtt frumvarp um fiskveiðar og fjárhagslegur grunnur samtakanna er styrkur fyrir nýja stjórn. Það hefur einnig verið mjög gott að fá ábendingar frá sveitarfélögum um hvað má betur fara í starfinu og ábendingar um verkefni.

Að lokum þakkaði Svanfríður fundarmönnum fyrir góðan fund og sleit fundi kl. 14:30